

SKÝRINGARMYND DEILISKIPULAGSBREYTINGAR - 1:2000

GREINARGERÐ;

Í gildi er deiliskipulag Hvestuvirkjunar sem samþykkt var í sveitarstjórn Vesturbyggðar þann 12. nóvember 2003
Gildandi aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006 - 2018, samþykkt í maí 2006 skilgreinir Hvestuvirkjun sem iðnaðarsvæði.
Tilgangur skipulagsbreytinganna er að stuðla að hagkvæmri orkuvinnslu með nýtingu vatns sem þegar er virkjað. Nýta aðstæður sem í senn skila jákvæðum samfélagsáhrifum ásamt því að valda sem minnstum umhverfisáhrifum

Umhverfisskýrsla deiliskipulagsbreytingar
Breyting á deiliskipulagi Hvestuvirkjunar fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og er umhverfisskýrslan í samræmi við kröfur laganna.
Umfang áhrifa eru beint rask af framkvæmdum, þ.e. stíflugerð, bygging stöðvarhúss og lagning aðrennslislagna neðanjarðar. Vægi áhrifa er metið sem óverulegt, þar sem verndargildi framkvæmdasvæðis er lítið, umfang áhrifa er lítið og áhrif eru að mestu afturkræf.
Áhrif á verndarsvæði
Fremri Hvesta er innan svæðis á náttúruminjaskrá (340). Samkvæmt skránni er á svæðinu sérkennilegt og óvenjulegt landslag. Grunnir dalir milli hárra, þverhníptra hamrafjalla, sem ganga fram undir sjó. Fallegar skeljasandsfjörur með auðugu fuglalífi.
Framkvæmdasvæðið er hins vegar að öllu leyti innan manngerðs svæðis, þ.e. bæjarstæði, tún, vegir og rafstöð. Engin önnur náttúruverndarsvæði eru á framkvæmdasvæði eða mikilvæg fuglasvæði.
Áhrif Hvestuvirkjunar 2 eru því metin óveruleg á verndarsvæði.
Áhrif á samfélag
Samkvæmt kortlagningu Ferðamálastofu eru engir viðkomustaðir ferðamanna innan framkvæmdasvæðis.
Með virkjun hefur afkomuskilyrðum ábúanda jarðarinnar gjörbreytt og tryggt áframhaldandi búsetu. Áhrifin eru metin jákvæð á samfélag.
Áhrif á menningarminjar
Engar fornleifar eru innan framkvæmdasvæðis. Áhrif eru því metin sem engin.
Áhrif á lífríki
Rask á gróður og fugla er óverulegt. Samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands eru tún og akurlendi ríkjandi á framkvæmdasvæðinu.
Áhrif verða fyrst og fremst á meðan framkvæmdum stendur. Hægt verður að nýta tún, þar sem aðrennslislögn fer um, eftir framkvæmdir. Hvestuá er ekki fiskgeng. Áhrif á fiska verða engin.
Áhrif á landslag og ásýnd
Á framkvæmdatíma geta ábúendur orðið varir við framkvæmdir. Framkvæmdir eru innan manngerðs svæðis og eru ekki taldar breyta ásýnd svæðisins.

Yfirlit umhverfisáhrifa vegna Hvestuvirkjunar 2

Umhverfisþáttur	Lýsing á umhverfisáhrifum	Vægi áhrifa
Verndarsvæði	Framkvæmdasvæði er innan svæðis á náttúruminjaskrá. Framkvæmdir raska ekki einkennum svæðis.	Óveruleg
Menningarminjar	Engar menningarminjar eru á framkvæmdasvæðinu.	Engin
Lífríki	Beint rask á túnum. Hvestuá er ekki fiskgeng. Vistgerðir innan framkvæmdasvæðis hafa lágt verndargildi.	Óveruleg
Landslag og ásýnd	Rask á meðan framkvæmdum stendur. Framkvæmdasvæðið er manngert að stærstum hluta. Framkvæmdir breyta ekki ásýnd svæðis.	Óveruleg
Samfélag	Framkvæmdir stuðla að bættri afkomu á bújörðu og tryggja áframhaldandi búsetu. Engir ferðamannastaðir eru í nágrenni eða innan framkvæmdasvæðis.	Jákvæð

Mótvægisaðgerðir
Ekki er þörf á sérstökum mótvægisaðgerðum eða vöktunaráætlun.
Tengsl framkvæmdar við lög um mat á umhverfisáhrifum
Stækkun Hvestuveitu er tilkynningaskyld skv. tl. 3.23 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
Framkvæmd hefur áður verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar árið 2006. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að framkvæmd væri ekki matsskyld (30. júní 2006). Minniháttar breyting hefur verið gerð á tilkynntri framkvæmd, en staðsetning er að mestu óbreytt.

Hvestuvirkjun tillaga að breyttu deiliskipulagi;
Heimiluð er bygging nýrrar virkjunar í Hvestuá, Hvestuvirkjun 2, neðan virkjunar Þverár og Hvestuár í Hvestudal við Arnarfjörð, sem byggð var skv. deiliskipulagi staðfestu 2003.
Byggð verður stífla, Hvestustífla 2 í Hvestuá neðan bæjarhlaðs Fremri Hvestu, yfirborð hennar verður í 18 m hæð yfir sjávarmáli og lengd 25 m.
Stöðvarhús verður um 350 m neðan við stífluna, vestan árinnar í 5 m hæð yfir sjávarmáli.
Byggingarreitur stöðvarhúss er 50 m2 og er heimilt að fullnýta hann.
Húsið verður á einni hæð. Hæsta leyfilega þakhæð yfir aðalgólfi er 4 m.
Aðkoma að stöðvarhúsi verður um slóða frá nýjum vegi heim að Fremri Hvestu, suðvestan við nýja brú. Stofnlögn mun liggja meðfram ánni frá fyrirhugaðri stíflu að stöðvarhúsi.
Afl virkjunarinnar verður allt að 195 kW.
Litir húss falli að umhverfi.
Gæta skal að verndun umhverfis við allan frágang og umgengi um svæðið.
Stækkun Hvestuveitu er tilkynningaskyld til Vesturbyggðar skv. tl. 3.23 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.



MYND ÚR GILDANDI AÐALSKIPULAGI VESTURBYGGÐAR 2006 - 2018

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá ___ til ___ var samþykkt í sveitarstjórn þann

_____

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann

_____

Deiliskipulag unnið á loftmyndagrunn frá Loftmyndum ehf.

*Afgreitt af Skipulagsstofnun skv. 3. tl. bráðabirgða-ákvæða skipulags - og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skýringar:

- Afmörkun deiliskipulagsbreytingar
- Skipulagsmörk
- Vegur / vegslóði
- Safnskurður - veitir vatn í lón
- Aðveiturör frá stíflu að stöðvarhúsi
- Stofnlögn frá stöðvarhúsi
- Stíflulón
- Ár og lækir
- Byggingar
- Byggingarreitur fyrir nýrri rafstöð



GILDANDI DEILISKIPULAG, HVESTUVIRKJUN, SAMÞYKKT Í SVEITASTJÓRN VESTURBYGGÐAR 12. NÓVEMBER 2003 - 1:5000



TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU - 1:5000

Árni Kjartansson arkitekt FAÍ kt: 040352-3099

Bæring Bjarnar Jónsson arkitekt FAÍ kt: 020464-5509

Jóhannes Þórðarson arkitekt FAÍ kt: 121057-6039

Sigbjörn Kjartansson arkitekt kt: 121258-2269

Sigurður Halldórsson arkitekt FAÍ kt: 100857-2009

Breyting	Dagsetning	Skýring
A	08.01. 2019	Texta í greinargerð og samþykktarklausu breytt

HVESTUVIRKJUN
FREMRI HVESTA VIÐ ÁRNARFJÖRÐ

DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR

YFIRLITSUPPDRÁTTUR AFSTÖÐUMYND		BREYTING Á DEILISKIPULAGI
Breyting:	Teikn.nr.: A1.01	GLÁMA·KÍM
Útgáfud.: 10.10. 2018	Mkv.: 1:5000, 1:25000	Arkitektar Laugavegi 164 efri, 105 Reykjavík s: 530-8100, f: 530-8101, kt: 560 496 2739 glamakim@glamakim.is, www.glamakim.is
Verknr.: 030425	Teikn.: ka / Yfirf.: JÞ	

TEIKNINGU ÞESSA MÁ EKKI AFRITA MEÐ NEINUM HÆTTI AÐ HLUTA TIL EÐA Í HEILD ÁN SKRIFLEGS LEYFIS HÖFUNDAR